

AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Langesbyggðar
vegna verslunar og þjónustu í landi Tungusels.**

Skipulagsstofnun staðfesti 15. apríl 2025 breytingu á aðalskipulagi Langesbyggðar 2007-2027 sem samþykkt var í sveitarstjórn 30. janúar 2025.

Í breytingunni felst skilgreining 2,1 ha svæðis fyrir verslun og þjónustu VP2 en reisa á veiðihús með gisti- og veitingaþjónustu. Landbúnaðarsvæði minnkar sem þessu nemur. Þá verður tveimur nýjum efnistökusvæðum bætt við vegna framkvæmdar en áætlað er að vinna allt að 25.000 m³ af efni.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 15. apríl 2025.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 6. maí 2025